

Og hvekkt' ei þann sem kröftum safnar  
 þó kvaðir hans sé ei þínum jafnar.  
 Þeir gleggstu af þinni leikni læra  
 og lága markið ofar færa.  
 Og hvað sem þér er vettug-virði  
 ei verða lát að fyrir-girði  
 á meðkend þess: að þetta skemsta  
 sem þér finst, sé vort getu fremsta !

## III.

Hann gengdi svo: "Eg gengi af viti  
 við gabbið það, að deila um liti !  
 Þið stagið kross á stöng og serki  
 og stingið upp sem leiksviðs-merki!  
 Og stælið um við sterka kauða,  
 að stafa þá bláa eða rauða !  
 Á fífla-leika fauta og glópa,  
 eg fyrirlitning mýna hrópa ! "

## IV.

"Þér skjátlar !" mæltu manna-efni,  
 "það merki er drögum við í stefni  
 að vísu er brella barna-vitsins—  
 Ei berjumst um það vegna litsins !  
 En til að ganta gassa-snáða,  
 sem gullum okkar vilja ráða,  
 þá drembni, sem í lagi og liti  
 vill lækka oss sinni tign og viti !  
 Svo nema vaxnir hnoss að hreppa:  
 um hégómann í æsku að keppa !  
 "Sízt þarfutu veilu að hásemdhæla,  
 né hrokann upp í gorti mæla—